



Fundur í sveitarstjórn

49. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri, Þórshöfn fimmtudaginn 30. júní 2016 og hófst kl 17:00.

Mætt voru: Hulda Kristín Baldursdóttir, Dagrún Þórisdóttir, Hilma Steinarsdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Siggeir Stefánsson, Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, Björn Guðmundur Björnsson og Elías Pétursson sem ritaði fundargerð.

Oddviti, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Fundargerð 840. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 2. júní 2016

Fundargerð lögð fram til kynningar.

2. Fundargerð 19. fundar Fræðslunefndar dags. 13. júní 2016

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Liður 5a. Framhaldsdeildin á Þórshöfn

Bókun: Sveitarstjórn Langanesbyggðar tekur undir áhyggjur Fræðslunefndar vegna fárra umsókna að Framhaldsdeildinni á Þórshöfn næsta skólaár. Sveitarstjórn leggur á það ríka áherslu að ekki megi horfa til eins árs í mati á aðsókn og rekstrarhæfi deildarinnar. Sveitarstjórn leggur að þeim er stjórna námsframboði deildarinnar að nýta þau tækifæri sem fyrir hendi eru í menntun eldri nemenda sem og fullorðinsfræðslu.

Samþykkt samhljóða.

U-listinn óskar eftir að bóka eftirfarandi: U-listinn vill þakka Ingveldi Eiríksdóttur fyrir vel unnin störf sem skólastjóri Grunnskólans á Þórshöfn síðustu fjögur árin. Hefur margt gott áunnist á þessum tíma í fræðslumálum á Þórshöfn. Viljum við óska henni velfarnaðar í framtíðinni.

Meirihluti sveitarstjórnar óskar eftir að bóka eftirfarandi: Meirihluti sveitarstjórnar tekur undir með U-lista og ítrekar þakki sem og óskir um velfarnað í framtíðinni.

3. Fundargerð 18. fundar Umhverfis- og skipulagsnefndar dags. 29. júní 2016

Liður 1. Breytingar á skólahúsnaði Grunnskólans á Þórshöfn

Bókun: Sveitarstjórn Langanesbyggðar staðfestir afgreiðslu Umhverfis- og skipulagsnefndar.

4 samþykkja, Halldóra Jóhanna, Siggeir og Björn Guðmundur sitja hjá.



Liður 2. Innsent erindi – Eyrarvegur 2 – innkeyrsla og lóðaframkvæmdir

Hilma Steinarsdóttir lýsir yfir vanhæfi sínu og ber undir fundinn. Samþykkt samhljóða.

Hilma vikur af fundi.

Bókun: Sveitarstjórn Langanesbyggðar staðfestir afgreiðslu Umhverfis- og skipulagsnefndar.

4 samþykkja, Halldóra Jóhanna, Siggeir og Björn Guðmundur sitja hjá.

Liður 4. Urðun og sorphirða – staða mála

Umhverfisstofnun hefur samþykkt móttöku umsóknar um starfsleyfi vegna urðunarstaðar á Bakkafirði. Einnig hafa verið í gangi viðræður við verktaka þann er sér um sorpurðun. Þær viðræður hafa snúist um breytt fyrirkomulag, einföldun og framlengingu samnings.

Hilma Steinarsdóttir óskar eftir 5 mínútna fundarhléi.

Bókun: Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að sækja um undanþágu frá starfsleyfi vegna urðunarstaðar til Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins á meðan Umhverfisstofnun vinnur starfsleyfið.

3 samþykkja, Halldóra Jóhanna, Siggeir, Björn Guðmundur sitja hjá, Hilma greiðir atkvæði á móti.

Bókun: Sveitarstjóra falið að vinna að samningum við verktaka í samræmi við bókun Umhverfis og skipulagsnefndar og umræður á fundinum. Í framhaldi verði samningsdrög lögð fyrir sveitarstjórn.

4 samþykkja, Halldóra Jóhanna, Siggeir og Björn Guðmundur sitja hjá.

Bókun U-lista:

U listinn leggur til að fyrir liggja skýr drög að samningi við IG sem verði lagður fyrir sveitarstjórn. Við óskum einnig eftir því að það verði metið hvort hægt sé að fara í moltipurð með sérútbúnum gámum.

Liður 5. Lóðir í Langanesbyggð – umgengni og umhirða

Bókun: Sveitarstjórn Langanesbyggðar staðfestir bókun umhverfis og skipulagsnefndar og felur sveitarstjóra ásamt skrifstofu að vinna málið áfram.

4 samþykkir, Halldóra Jóhanna, Siggeir og Björn Guðmundur sitja hjá.

Aðrir liðir lagðir fram til kynningar



4. Fundargerð 13. fundar Landbúnaðarnefndar dags. 22. júní 2016

Liður 2. Innsent erindi – Hundahreinsun

Bókun: Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Landbúnaðarnefndar og felur sveitarstjóra að semja við dýralækni í samræmi við bókun nefndarinnar.

Samþykkt samhljóða

Liður 3. Önnur mál – verkefni

Sveitarstjóri lagði fram minnisblað sem hann hafði tekið saman vegna málsins. Í minnisblaðinu kemur fram vilji til að lagfæra heiðargirðingu og gera tvö ný aðhöld í sveitarfélaginu. Talin er mikil þörf á að endurnýja umrædda heiðargirðingu en kostnaður vegna þess er áætlaður allt að 18 milljónum. Kostnaður við þau verk sem lagt er til að fara í skv. minnisblaðinu er áætlaður 650 þúsund, ekki er gert ráð fyrir þeim útgjöldunum í fjárhagsáætlun.

Bókun: Sveitarstjórn samþykkir 350 þúsund króna fjárveitingu til verkefna og finna þeim útgjöldum stað í bókhaldi með tilfærslu á milli liða. Sveitarstjóra falið að ræða við formann Landbúnaðarnefndar um val verkefna.

4 samþykkja, Halldóra Jóhanna, Siggeir og Björn Guðmundur sitja hjá.

Aðrir liðir lagðir fram til kynningar

5. Fundargerð 9. fundar Hafnarnefndar Langanesbyggðar dags. 10. júní 2016

Fundargerð lögð fram til kynningar.

6. Viðauki 2 við fjárhagsáætlun 2016

Dýpkun í höfninni á Þórshöfn.

Lokið hefur verið við að dýpka höfnina á Þórshöfn í samræmi við bókun á fundi sveitarstjórnar þann 9. júní síðastliðinn, í samræmi við þá bókun hefur verið gerður viðauki sem fylgdi fundargögnum. Kallast hann viðauki II við fjárhagsáætlun fyrir árið 2016.

Breytingar á fjárfestingu:

Áður áætlaður kostnaður 3,0 millj. kr. hækkar í 7,8 millj. kr. eða um 4,8 millj. kr. Framlag Vegagerðar er 0,8 millj. kr og nettó hækkun því 4,0 millj. kr. Fjármagnað með handbæru fé. Handbært fé í árslok mun lækka um 4,0 millj. kr. og verða 28,0 millj. kr.

Breytingar á tekjuliðum:

Engar

Breytingar á gjöldum:



LANGANESBYGGÐ

Engar.

Rekstrarniðurstaða:

Óbreytt frá viðauka I eða sem nemur 27,7 millj. kr.

Bókun: Sveitarstjórn samþykkir framlagðan viðauka.

Samþykkt samhljóða.

7. Innanríkisráðuneytið – kynning á rafrænum íbúakosningum

Bókun: Lagt er til að sveitarstjórn kynni sér verkefnið nánar, sveitarstjóra falið að hafa samband við verkefnisstjóra hjá Þjóðskrá til að fá frekari upplýsingar um hvernig þátttöku í verkefninu sé háttáð.

4 samþykkja, Halldóra Jóhanna, Siggeir og Björn Guðmundur sitja hjá.

8. Innanlandsflug sem almenningssamgöngur – erindi frá N-lista

N-listi óskar eftir umræðu um innanlandsflug sem almenningssamgöngur með vísan til eftirfarandi bókunar bæjarstjórnar Akureyrar um málið á fundi þann 7. júní 2016.

„Bæjarstjórn Akureyrar skorar á ríkisstjórn Íslands að taka til skoðunar niðurgreiðslu- og jöfnunarkerfi í innanlandsflugi. Í þessu sambandi er bent á leið sem farin hefur verið í Skotlandi til að koma til móts við íbúa sem treysta á flugsamgöngur á strjálbýlli svæðum landsins. Þessi leið sem gengur undir nafninu Air Discount Scheme for the Highlands and Islands veitir íbúum með lögheimili á ákveðnum svæðum rétt til 50% afsláttar af fargjöldum hjá flugfélögum sem taka þátt í verkefninu.“

Bókun: Sveitarstjórn Langanesbyggðar tekur eindregið undir sjónarmið þau er koma fram í bókun Bæjarstjórnar Akureyrar um leið og hún bendir á að í afskekktum byggðum erlendis eru enn hærrí afslættir en bókunin segir til um. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að koma bókuninni á framfæri við ríkisstjórn Íslands.

Samþykkt samhljóða.

9. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála – úrskurður í kæru á álagningu fráveitugjalda

Lagt fram til kynningar

10. Innsent erindi – Ferðamálastofa – ósk um samstarf vegna mats og kortlagningar viðkomustaða ferðafólks

Erindið innifelur ósk Ferðamálastofu um samstarf við sveitarfélagið um framhald verkefnis sem hefur gengið undir nafninu „Kortlagning auðlinda ferðaþjónustunnar“.



LANGANESBYGGÐ

Megintilgangur verkefnisins var að skráning auðlinda í ferðaþjónustu gæti nýst sveitarfélögum og öðrum þeim sem koma að skipulagsmálum ferðaþjónustunnar. Markmið verkefnisins er að kortleggja viðkomustaði þar sem upplifa mætti staðbundna og sérstaka eiginleika í náttúrufari eða menningu. Ferðamálastofa óskar eftir tilnefningu aðila sem yrði ábyrgur fyrir yfirferð gagna sem til staðar eru ásamt og að koma með tillögur að nýjum stöðum.

Bókun: Sveitarstjórn er jákvæð fyrir erindinu og felur sveitarstjóra að fylgja því eftir í samræmi við umræður á fundinum.

4 samþykkja, Halldóra Jóhanna, Siggeir og Björn Guðmundur sitja hjá.

11. Innsent erindi – Eigendur Þorsteinsstaða - ósk um stofnun eignalóðar

Á 48. fundi sveitarstjórnar Langanesbyggðar var samþykkt að senda erindi eigenda Þorsteinsstaða um stofnun nýrrar eignalóðar til umsagnar Umhverfis- og skipulags- og Landbúnaðarnefnda. Nú hafa þær umsagnir borist og eru jákvæðar með því fororði að ekki verði um kostnað að ræða fyrir sveitarfélagið hvorki nú né síðar.

Bókun: Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir stofnun eignalóðar í landi Þorsteinsstaða og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram á þeim forsendum að ekki verði um kostnað að ræða fyrir sveitarfélagið, hvorki nú né síðar.

4 samþykkja, Halldóra Jóhanna, Siggeir og Björn Guðmundur sitja hjá.

12. Innsent erindi – Bréf vegna skólaaksturs

Fram er lagt bréf frá íbúum að Miðfjarðarnesi hvar endurtekin er ósk um greiðslu fyrir akstur barna þeirra í skóla á Þórshöfn. Umrætt erindi fékk afgreiðslu á fundi sveitarstjórnar þann 14. apríl 2016 hvar erindinu var hafnað. Í framhaldi af afgreiðslu sveitarstjórnar var fundað með öðrum bréfitara og honum gerð grein fyrir ástæðum höfnunar, einnig var bréfitara gerð grein fyrir möguleikum hans í málinu svo sem möguleika á að óska endurupptöku ef einhverjar nýjar upplýsingar væru fyrir hendi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið sendi frá sér erindi þann 1. febrúar 2016 þar sem afstaða var tekin til erindis bréfitara varðandi skólaakstur sveitarfélagsins og aðgangs barna bréfitara að slíkum akstri. Þar kemur fram að það sé mat ráðuneytisins að skipulag skólaaksturs í sveitarfélaginu grundvallast á málefnalegum sjónarmiðum, og teljist í samræmi við tilgang og markmið ákvæða í reglum nr. 656/2009, sem eiga sér stöð í 22. gr. laga nr. 91/2008. Ráðuneytið tekur undir að skipting skólahverfa sé byggð á landfræðilegum rökum er endurspeglar fjarlægðir og legu byggðakjarna sveitarfélagsins.

Í 1. mgr. 18. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008 segir: „Foreldrar eiga rétt á að velja grunnskóla innan sveitarfélags fyrir börn sín samkvæmt reglum sveitarfélagsins.“ Samkvæmt þessu þá er foreldrum frjálst að velja um skólavist barna sinna innan sveitarfélagsins svo fremi að það samrýmist reglum sveitarfélagsins. Þær reglur sveitarfélagsins eru skýrar, hafa komið fram í fyrri bókunum og hafa hlotið jákvæða umfjöllun hjá Mennta- og Menningarmálaráðuneytinu, sbr. framanritað.



Hilma Steinarsdóttir og Þorsteinn Ægir Egilsson leggja fram eftirfarandi bókun.

Vegna þeirra svívirðilegu ummæla bréfitara að við tvö sem störfum bæði í sveitarstjórn og sem kennarar í Grunnskólanum á Þórshöfn berum ekki umhyggju fyrir nemendum okkar viljum við koma eftirfarandi á framfæri.

Við ítrekum að bréfiturum hefur ekki verið synjað um skólaakstur barna þeirra, þvert á móti hefur þeim verið boðinn akstur með þeim skólabílstjóra sem er með samning við sveitarfélagið um skólaakstur á þessari leið. Haustið 2014 var lögð fram áætlun um skólaakstur þessara barna í samstarfi við skólabílstjóra og bréfiturum kynnt málið. Er það því að þeirra frumkvæði að nýta sér ekki þann akstur, sem sannarlega stóð til boða.

Störf okkar sem grunnskólakennarar hafa ekki áhrif á stakar ákvarðanir innan sveitarstjórnar og finnst okkur ómaklegt að halda því fram að við sem einstaklingar berum ekki hag nemenda okkar fyrir brjósti.

Bókun: Sveitarstjórn Langanesbyggðar hafnar ósk bréfitara um greiðslur vegna skólaaksturs en minnir bréfitara á að mögulegt er að óska eftir akstri í samræmi við bókanir sveitarstjórnar og fræðslunefndar haustið 2014. Ef ósk um skólaakstur kemur fram þá mun hún verða tekin fyrir þegar fræðslunefnd, í samræmi við 3. og 4. gr. reglna um skólaakstur nr 656/2009, skipuleggur skólaakstur næsta skólaárs.

4 samþykkja, Björn Guðmundur situr hjá Halldóra Jóhanna og Siggeir eru á móti.

13. Nefndir – breytingar

a. Fræðslunefnd

Lagt er fram bréf hvar Hulda Kristín Baldursdóttir segir sig úr Fræðslunefnd.

Bókun: Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir framlagða úrsögn og þakkar Huldu Kristínu fyrir góð störf.

6 samþykkja, Siggeir situr hjá.

Meirihluti sveitarstjórnar leggur til að Stefán Benjamínsson taki sæti í Fræðslunefnd.

b. Hafnarnefnd

Jón H. Marinósson hefur flutt úr sveitarfélaginu og því þarf að skipa nýjan aðila í Hafnarnefnd.

Meirihluti tilnefnir Agnar Jónsson aðalmann í Hafnarnefnd og Ara Sigfús Úlfsson sem varamann.

Bókun: Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir framlagða breytingu og þakkar Jóni Marinóssyni fyrir góð störf.

4 samþykkja, Björn Guðmundur situr hjá Halldóra Jóhanna og Siggeir eru á móti.



14. Starfsleyfi urðunarstaðar í Langanesbyggð – starfsleyfistrygging

Fram er lagt bréf dagsett 24. júní 2016 frá Umhverfisstofnun, í bréfinu kemur fram að stofnunin hafi samþykkt móttöku starfsleyfisumsóknar Langanesbyggðar til reksturs urðunarstaðar á Bakkafirði. Vegna starfsleyfis þarf sveitarfélagið að gefa út yfirlýsingu vegna starfsleyfistryggingar. Lagt er til að eftirfarandi verði bókað.

Bókun: Sveitarstjórn Langanesbyggðar ábyrgist að staðið verði við þær skyldur sem settar eru fram varðandi frágang og vöktun urðunarstaðar sveitarfélagsins á Bakkafirði, sbr. 59. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Af hálfu Langanesbyggðar er litið svo á að bókun þessi jafngildi starfsleyfistryggingu, sbr. 43. gr. laga nr. 55/2003 og 17. gr. reglugerðar um urðun úrgangs. Ábyrgð gildir í 30 ár eftir lokun urðunarstaðar. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ljúka málinu.

4 samþykkja, Halldóra Jóhanna, Siggeir og Björn Guðmundur sitja hjá.

U-listinn óskar eftir að leggja fram eftirfarandi bókun: U-listinn vill taka fram að það er mikið hagsmunamál fyrir sveitarfélagið að geta nýtt urðunarstað við Bakkafjörð sem slíkan í stað þess að keyra öllu sorpi til urðunar á Vopnafirði með tilheyrandi urðunarkostnaði og akstri. Ljóst er að magn sorps sem fellur til urðunar í Langanesbyggð er umtalsvert meira en leyfi urðunarstaðarins á Bakkafirði segir til um og sveitarfélagið verður að marka skýra stefnu um hvernig skuli staðið að urðuninni og magn sorps fari ekki yfir leyfilegt magn og hvernig við ætlum að gera það. Afar mikilvægt er að íbúar Bakkafjarðar verði upplýstir um stöðu urðunarmála, áætlun og framkvæmd urðunarinnar töluvert áður reiknað er með að urðun hefjist.

15. Varðandi systkinaafslætti af leikskólagjöldum – erindi frá N-lista

N-listi óskar eftir umræðu um gjaldskrá leikskóla Langanesbyggðar. Samkvæmt núgildandi gjaldskrá þá er veittur 25% afsláttur með öðru barni og 50% afsláttur með þriðja barni. Lagt er til að gjald fyrir fyrsta og annað barn verði óbreytt en að gjald fyrir þriðja barn verði fellt niður og sé um að ræða fleiri börn verði gjaldið einnig fellt niður. Þ.e. aðeins verði innheimt dagvistargjald fyrir tvö börn frá sama heimili. Ekki er lagt til að fæðisgjald eða önnur gjöld lækki.

Bókun: Sveitarstjóra er falið að breyta gjaldskrá sveitarfélagsins í samræmi við tillöguna og leggja fyrir næsta reglulegan fund sveitarstjórnar.

4 samþykkja, Halldóra Jóhanna, Siggeir og Björn Guðmundur sitja hjá.

16. Grunnskólinn á Þórshöfn staða viðgerða

Sveitarstjóri fór yfir stöðu verkefnisins, Rifum er að ljúka og verið er að saga niður veggj og göt sem gera þarf vegna breytinga. Tekin voru sýni úr nokkrum veggjum þar sem ummerki leka voru sýnileg og eða ummerki bentu til myglu. Komið hefur í ljós mygla í sumum sýnanna, eykur það á umfang verkefnis. Verkið er lítillega á eftir áætlun tímalega og unnið er að endurskoðun fjárhagsáætlunar vegna breytts umfangs.



LANGANESBYGGÐ

Sveitarstjóri ítrekaði að mjög erfitt væri að áætla nákvæmlega fyrir öllum kostnaði í verki sem þessu. Sveitarstjóri hefur reglulega tekið myndir á verkstað og veitt sveitarstjórn aðgengi að þeim. Íbúafundur var haldinn miðvikudaginn 22. júní, þar fór sveitarstjóri yfir stöðu verkefnisins og annarra fyrirsjáanlegra verkefna ásamt að tæpa aðeins á fjárhagslegri stöðu sveitarfélagsins. Til svara á fundinum voru auk sveitarstjóra, oddviti, formaður fræðslunefndar, Ævar V Ævarsson og Böðvar Bjarnason í fjarfundi.

Sveitarstjóri lagði einnig fram og fór yfir minnisblað varðandi loftaklæðningar, minnisblaðið er unnið af Kristínu Ómarsdóttur. Í minnisblaðinu er farið yfir ákvæði er varða hljóðvist og lagt til ákveðið efni í loftaklæðningar. Markmið alls þessa er að gæta að hljóðvist í skólanum. Skoðað verður hvort hægt sé að bæta hljóðvist í þeim rýmum þar sem áður var búið að setja loftaefni.

Sveitarstjórn mun með reglubundnum hætti verða upplýst um framgang verkefnisins hér eftir sem hingað til.

17. Eignasjóður – Lántaka

Með vísan til bókuar á fundi sveitarstjórnar þann 9. júní eru hér framlögð drög að lánasamningi við Lánasjóð íslenskra sveitarfélaga.

Bókun: Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir hér með lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 77.000.000 kr. til 18 ára, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til að fjármagna viðhald á fasteignum Eignasjóðs, þ.e. Grunnskóla Þórshafnar og Íþróttamiðstöðinni Vers sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Elíasi Péturssyni, sveitarstjóra kt. 130665-3739, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. sveitarstjórnar Langanesbyggðar að undirrita lánssamninga við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

4 samþykkja, Halldóra Jóhanna, Siggeir og Björn Guðmundur sitja hjá.

18. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir framgang og stöðu verkefna sem ekki eru tilgreind hér að ofan.

Sveitarstjóri sendi í kjölfar síðasta fundar sveitarstjórnar Fjármálaráðherra, Innanríkisráðherra og öllum þingmönnum kjördæmisins erindi vegna bókuar sveitarstjórnar varðandi óviðunandi ástand vegarins um Brekknaheiði og Langanesströnd. Einnig sendi sveitarstjóri ofangreindum aðilum efni það sem sýnt var í þingmannaheimsókn síðasta haust. Frekar var fátt um svör en þó má geta þess að bókunin birtist í Bændablaðinu. Búið er að bera ofan í veginn á köflum, kvartað hefur verið yfir því að ofaníburður sé mjög háll í bleytu.

Unnið hefur verið að málun húsnæðis grunnskólans á Bakkafirði ásamt og undirbúningi málunar á bryggjupollum og köntum á höfninni þar. Áhaldahús fór í vinnuferð til Bakkafjarðar hvar slegið var allt sem ekki er véltækt með traktor, með í för voru



LANGANESBYGGÐ

starfsmenn áhaldahúss og krakkar í vinnuskóla. Óhætt er að segja að ferðin hafi lukkast vel. Lánuð voru sláttuorf til íbúa á Bakkafirði, íbúar nota þau við að slá lúpínu innan og á mörkum byggðarkjarnans.

Unnið er að undirbúningi málunar á pollum og köntum á bryggjum á Þórshöfn. Verið er að hefja framkvæmdir við lagfæringar á kverk við suðurgarð, markmið framkvæmda er að bæta rennsli úr útrás og að reyna að fyrirbyggja þarasöfnun í kverkinni.

Undirbúningur vegna ljósmyndasýningar á Heiðarfjalli gengur ágætlega, búið er að safna miklu rusli og unnið er að fjarlægingu þess. Styrkur að fjárhæð 250.000 fékkst frá Landsbankanum vegna málsins.

Nýr sláttutraktor kom til Þórshafnar í síðustu viku, hann er hér til prufu í þrjár vikur.

19. Sumarfrí sveitarstjórnar

Lagt er til að næsti reglulegi fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar verði 1. september 2016 sem er breyting frá framlögðu fundarplani þar sem næsti reglulegi fundur sveitarstjórnar átti að fara fram þann 11. ágúst 2016.

Bókun: Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir að næsti reglulegi fundur sveitarstjórnar verði 1. september 2016.

4 samþykkja, Halldóra Jóhanna og Björn Guðmundur sitja hjá og Siggeir á móti.

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 19:28